

20. febrúar 2008

SI-38968

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 13. febrúar 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, 325. mál, breyting ýmissa laga.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt: Annars vegar verður söluhagnaður af hlutabréfum fyrirtækja skattfrjáls, en áskilið að kostnaður af sölnni verði ekki færður til gjalda. Hins vegar verður umsýsla um skattamál stórfyrirtækja, skv. nánari skilgreiningu, færð undir sérstaka starfseiningu innan skattumdæmisins í Reykjavík, óháð staðsetningu fyrirtækis.

Að auki er í frumvarpinu lagt til að í lögum um virðisaukaskatt verði skerpt á ákvæðum þannig að ógerilsneydd mjólk verði skattlögð í 24,5% þrepi, þar eð hún njóti ekki viðurkenningar sem manneldisvara.

Seðlabankinn telur þau rök trúverðug sem færð eru fyrir því að skattlagning söluhagnaðar á hlutabréfum skili litlu vegna núgildandi frestunarheimilda og möguleika á að færa skattskyldu milli landa. Bankinn leggst því ekki gegn þessari breytingu. Hin atriðin eru tæplega á starfssviði bankans, og tekur hann því ekki afstöðu til þeirra.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri